

LÖG

um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 (hækkun stofnframlaga ríkisins o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „fjórum vikum“ í 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: sex mánuðum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað „18%“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 18–23%.
- b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um hlutfall stofnframlags ríkisins innan þeirra marka sem kveðið er á um í 1. málsl. með hliðsjón af markaðsaðstæðum hverju sinni. Ráðherra skal leita umsagnar þess ráðherra sem fer með opinber fjármál um breytingar á hlutfalli stofnframlags ríkisins.
- c. 2. mgr. orðast svo:

Heimilt er að veita allt að 5% viðbótarframlag frá ríkinu vegna íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga, íbúðarhúsnæðis sem ætlað er námsmönnum eða öryrkjum, svo og vegna íbúðarhúsnæðis sem umbreytt er úr atvinnuhúsnæði. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun skal meta þörf fyrir og ákvarða fjárhæð viðbótarframlagsins. Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem veitt hefur verið viðbótarframlag vegna nema til komi endurgreiðsla þess og Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun og viðkomandi sveitarfélag hafi veitt samþykki sitt fyrir eigendaskiptunum að uppfylltum nánari skilyrðum, sbr. 1. mgr. 16. gr. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun er þó heimilt að fresta eða veita undanþágu frá endurgreiðslu viðbótarframlags að nánari skilyrðum uppfylltum.
- d. Í stað 1. og 2. málsl. 10. mgr. koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um stofnframlög ríkisins, þar á meðal nánari skilyrði fyrir veitingu þeirra. Ráðherra er m.a. heimilt að setja með reglugerð ákvæði um hlutfall stofnframlags ríkisins skv. 1. mgr. og mat Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar á þörf á framlögum skv. 2. og 3. mgr. Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða nánar á um ákvörðun hlutfalls stofnframlaga ríkisins í hverju verkefni, hámarksfjárhæð sérstaks byggðaframlags, efni umsókna um stofnframlög, lágmarksfjölda almennra íbúða, gerð almennra íbúða, stærðir þeirra, viðmið um ákvörðun leigufjárhæðar, hagkvæmni, verð

og byggingarkostnað, úrræði til þess að tryggja sem lægst íbúðar- og leiguverð, takmarkanir á arðgreiðslum og eigendaskipti íbúða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu breytingar á hlutfalli stofnframlags af stofnvirði íbúða skv. a-lið og 1. málsl. c-liðar 2. gr. taka til þeirra stofnframlaga sem veitt hafa verið frá og með nóvember 2025.

Gjört á Bessastöðum, 28. júní 2026.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Ragnar Þór Ingólfsson.

A-deild – Útgáfudagur: 6. júlí 2026